

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 95 14. ágúst 1962, um sameiginlega innheimtu opinberra gjalda í Reykjavík.

1. gr.

Upphafsaðkvæði reglugerðarinnar orðist svo:

Í Reykjavík hefur, í samræmi við lög nr. 68/1962, verið gerður samningur milli fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs, borgarstjóra f. h. borgarsjóðs og Sjúkrasamlags Reykjavíkur, um sameiginlega innheimtu opinberra gjalda. Sérstök stofnun, Gjaldheimtan, innheimtir gjöldin og starfar hún á vegum Reykjavíkurborgar. Heimilt er að innheimta í einu lagi á sérstökum gjaldheimtuseðli þinggjöld, er innheimt hafa verið samkvæmt skatttreikningi, útsvör, aðstöðugjöld, sjúkrasamlagsgjöld og gjald til iðnlánasjóðs. Um innheimtu gjalda samkvæmt gjaldheimtuseðli, svo og gjaldársgjalda og ábyrgð á greiðslu, gilda eftirfarandi reglur.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 68/1962, um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda, sbr. 5. gr. laga nr. 45/1963, um iðnlánasjóð.

Fjármálaráðuneytið, 28. júní 1963.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Ólafur Stefánsson.

6. júlí.

Nr. 113.

AUGLÝSING

um staðfestingu á byggingarsamþykkt fyrir Hellu, Rangárvallahreppi í Rangárvallasýslu.

Samkvæmt lögum nr. 19 20. okt. 1905, um byggingarsamþykktir og lögum nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, hefur félagsmálaráðuneytið í dag staðfest byggingarsamþykkt fyrir Hellu í Rangárvallahreppi.

Samþykkt þessi er í samræmi við fyrirmynd að byggingarsamþykktum, sem birt er með auglýsingu nr. 97 18. ágúst 1948 (B-deild Stjórnartíðinda 1948, bls. 167—185) og breytingu á þeirri auglýsingu nr. 45 13. marz 1963 (B-deild Stjórnartíðinda 1963, bls. 115—116).

Félagsmálaráðuneytið, 6. júlí 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.